

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 82/2001

frá 19. júní 2001

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57/2001 frá 18. maí 2001⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2032/2000 frá 27. september 2000 um landa- og svæðaflokkun í hagskýrslum um utanríkisverslun bandalagsins og viðskipti milli aðildarríkja þess⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

I. gr.

Eftirfarandi komi í stað 9 liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2543/1999) í XXI. viðauka við samninginn:

„32000 R 2031: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2032/2000 frá 27. september 2000 um landa- og svæðaflokkun í hagskýrslum um utanríkisverslun bandalagsins og viðskipti milli aðildarríkja þess (Stjtið. EB L 243, 28.9.2000, bls. 14).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 165, 21.6.2001, bls. 63 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 32, 21.6.2001, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 243, 28.9.2000, bls. 14.

2. gr.

Texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2032/1999 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. júní 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. júní 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.